

44 hæfilega miklum kostnaði, eða jafnvel vera óráðlegt af öðrum ástæðum að láta
16. apr. dómkvadda menn meta hina eyddu muni, þá mun lýsing og vottorð hjeradslæk-
is eða sóttþreinsunarmanns á mununum látið gilda, nema það sje í sjálfu sjer
tortryggilegt.

Kostnaður við sóttþreinsanir greiðast þannig: Endurgjald fyrir sótt-
þreinsunarmedul greiðast ávallt af landssjóði, annar sóttþreinsunarkostnaður greið-
ist fyrir hvert ár úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, svo framarlega sem þessir sjóðir
eigi áður á sama árinu hafa varið 100 kr. til sóttvarna; að öðrum kosti greið-
ist þessi kostnaður úr landsjóði.

Þetta er yður, herra landlæknir, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar
og birtingar fyrir hjeradslæknum landsins.

45 **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántöku-**
26. apr. **Ieyfi handa Kálfafellsprestakalli.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra
biskup, í brjefi, dagsettu 21. þ. m., og beiðni hlutadeiganda, vil jeg hjer með veita
samþykki mitt til þess, að presturinn að Kálfafellsstað, síra Pjetur Jónsson, taki
allt að 1600 kr. embættislán uppá prestakallið til þess að standast kostnað við
bygging íbúðarhúss þess úr timbri 15×7 áln, með áföstum timburskúr um 5×2½
áln. og 15×4½ áln. sem hann hefir látið gjöra á prestsetrinu. Það er skilyrði fyrir lán-
tökuleyfi þessu, að hið umgetna íbúðarhús ásamt skúr, er jafnan skal halda váttrygðu
gegn eldsvoða fyrir 2600 kr. að minnsta kosti, verði eign prestakallsins, og skal
presturinn eða bú hans á sínum tíma tíma skila því af sjer í gildu standi eða
með fullu álagi.

Aptur á móti falla þá niður öll jarðarhús á prestssetrinu að undanteknum:
eldhúsi, smiðju og fjárhúsum. Enn er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið,
að lánið endurborgist með jöfnum afborgunum á 25 árum samfleytt frá lántöku-
degi að telja og að lánið sje fengið með svo vægum vaxtakjörum, sem unnt er.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til birtingar
fyrir beiðandanum.

46 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austur-**
30. apr. **amtinu um sveitfesti þurfalings.** — Með brjefi yðar, dagsettu 8. þ. m.,
hafið þjer, herra amtmaður, látið uppi umsögn yðar um áfrýjun hreppsnefndar-
innar í Áshreppi í Húnavatnssýslu á úrskurði yðar, dagsettu 9. septbr. f. á.,
um ágreining milli nefndrar hreppsnefndar og hreppsnefndarinnar í Vindhælis-
hreppi um sveitfesti Frimanns nokkurs Guðjónssonar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari
birtingar, að með því að jeg í öllum aðalatriðum verð að fallast á ástæður þær,
er úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður.